

til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 29. janúar 1981, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og kr. 2.525.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. maí 1983.

Nr. 188/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Grétari Magnússyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Nytjastuldur. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson og Sigurgeir Jónsson og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 25. ágúst 1982, en jafnframt er af ákærvaldsins hálfu krafist þyngingar refsingar. Ágrip máls þessa barst Hæstarétti 21. desember 1982.

Verjandi krefst lækkunar á refsingu ákærða. Þá er þess krafist, að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. málsvarnarlaun verjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans og færslu á háttsemi ákærða til refsíákvæða. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Þá ber og að staðfesta með skírskotun til forsendna héraðsdóms ákvæði hans um greiðslu ákærða á skaðabótum til Rádío- og sjónvarpsstofunnar s/f.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin sakasóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Grétar Magnússon, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 4.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. júlí 1982.

Ár 1982, föstudaginn 23. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómarar, kveðinn upp dómur í máli nr. 269/1982: Ákærvaldið gegn Grétari Magnússyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 14. þ. m., gegn Grétari Magnússyni verkamanni, nú Orrahólum 7, Reykjavík, fæddum 4. nóvember 1962 í Reykjavík.

„I. Fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 3. júní 1982 tekið í heimildarleysi bifreiðina R 11335 við húsið nr. 82 við Kleppsveg í Reykjavík, haft bifreiðina í umráðum sínum allt til laugardagsins næsta á eftir og ekið henni um götur þar í borg undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt og einnig til Selfoss og til baka.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

II. Fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 5. júní 1982 brotist inn í Radió- og sjónvarpsstofuna á Selfossi og stolið 3 sambyggðum útvarps- og segulbandstækjum og sambyggðum magnara og segulbandstæki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Aðfaranótt laugardagsins 5. júní sl., kl. 0418, sáu lögregluþjónar á leið um Laugaveg karl og konu á ferð með hljómflutningstæki, og er þau urðu lögreglunnar vör, lögðu þau frá sér tækin, en maðurinn flýði inn í hús

nr. 49. Lögregluþjónarnir handtóku þau bæði, og var hér um að ræða ákærða og X, 18 ára að aldri.

Í máli þessu er leitt í ljós með framburði ákærða og öðrum gögnum, að hljómfletningstæki þau, sem hér var um að ræða, en þau voru fjögur talsins, eins og í ákæru greinir, og eru að söluverðmæti talin 20.150.00 krónur, hafði ákærði tekið úr Radió- og sjónvarpsbúðinni á Selfossi, en þangað höfðu þau X farið um nóttina og ákærði brotist inn og tekið tækin.

Þá er það fram komið, að ferð þessa höfðu þau farið í bifreiðinni R 11335, sem er eign Viggós Guðmundssonar, Kleppsveg 82, en samkvæmt tilkynningu hans til lögreglu hafði bifreiðin horfið af Kleppsvegi aðfaranótt fimmtudagsins 2. júní.

Ákærði segist kannast við, að hann hafi ekið í þessari bifreið umrædda nótt og að hann hafi ekki verið heimildarmaður að bifreiðinni. Hann kveðst ekki minnst þess, að hann hafi tekið bifreiðina við Kleppsveg. Hann telur sig muna, að áður en hann fór í veitingahúsið Klúbbinn á föstudagskvöld, hafi hann tekið bifreiðina, þar sem hún stóð á Frakkastíg. Hvort hann hafi áður haft hana undir höndum og skilið hana eftir á Frakkastíg, geti hann ekkert sagt um. Hann man ekki, hvað hann aðhafðist dagana á undan, en hann hafi þá verið í óreglu. Samkvæmt skýrslu X hitti hún ákærða í Klúbbnum á föstudagskvöldið, og hún fylgdist þaðan með ákærða út í bifreið, sem var fyrir utan, og ákærði ók síðan niður á Laugaveg, og eftir stutta dvöl þar fóru þau saman í bifreiðinni í Selfossferðina. Er þetta allt í samræmi við framburð ákærða.

Ákærði segist hafa verið ölvaður við aksturinn. Í blóðsýni, sem honum var tekið að tilhlutan lögreglu kl. 0735 á laugardagsmorgun, reyndist alkóhól þó ekki nema 0.620/00, og hefur hann því, er þar var komið, naumast verið undir umtalsverðum áfengisáhrifum.

Ákærði hefur verið sviptur ökuleyfi sínu ævilangt, eins og síðar kemur fram, er rakinn er ferill ákærða.

Óvíst verður að telja, hvornig ákærði náði umráðum yfir R 11335, en ljóst er að minnsta kosti, að hann var við akstur hennar á föstudag og laugardagsnótt og að afnot bifreiðarinnar voru honum óheimil. Með þessari athugasemd telst sannað, að ákærði hafi brotið gegn ákvæðum þeim, sem talin eru í ákæru.

Ákæru á hendur Grétari fyrir þjófnað og nytjastuld var frestað á árinu 1978, en síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

23. ágúst 1979 30 daga fangelsi skilorðsbundið fyrir nytjastuld og umferðarlaga- og áfengislagabrot. Sviptur rétti til ökuleyfis. (Ákæru útg. 15. og 21. nóv. 1978).

5. sept. 1979 sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd. (Ákæra útg. 30. ágúst 1978).

29. jan. 1980 2 mánaða skilorðsb. fangelsi fyrir þjófnað. (Ákæra útg. 27. des. 1978).

31. jan. 1980 sakfelldur fyrir þjófnað, en refsing ekki dæmd. (Ákæra útg. 8. febr. 1978).

27. júní 1980 1 árs fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og ölvun við akstur o. fl. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt. (Ákæra útg. 27. maí 1980).

6. nóv. 1980 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld, ölvun við akstur o. fl. (Ákæra útg. 22. sept. 1980).

29. okt. 1980 sakfelldur fyrir þjófnað, en refsing ekki dæmd. (Ákæra útg. 15. maí 1979).

22. maí 1981 4 mánað fangelsi (hegningarauki) fyrir þjófnað, nytjastuld o. fl. (Ákæra útg. 24. febr. 1981, en þau brot ákærða, sem hún laut að, voru framin á árunum 1978 og 1979).

22. mars 1982 1 mánaðar fangelsi fyrir að aka bifreið sviptur ökuleyfi.

Refsing ákærða er með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga og af fyrri brotaferli ákærða hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi. Ákærði var 6. júní úrskurðaður til þess að sæta gæsluvarðhaldi til 11. júní. Af gögnum málsins sést ekki, að ákærði hafi verið leystur úr gæsluvarðahaldinu fyrir þann tíma, og verður við það miðað, að gæsluvarðhaldið hafi staðið í 5 daga. Ber skv. 76. gr. hegningarlaga að ákveða, að vistin komi refsingunni til frádráttar.

Radíó- og sjónvarpsstofan s/f gerir kröfu á hendur ákærða um bætur fyrir skemmdir af innbrotinu og fyrir skemmdir á tækjum þeim, sem ákærði tók, en þau komust til skila. Krafan, sem er sundurliðuð, nemur samtals 10.794.00 kr. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, og þykir henni vera í hóf stillt. Verður hún tekin til greina.

Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Grétar Magnússon, sæti fangelsi í 7 mánuði. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhald hans í 5 daga.

Ákærði greiði Radíó- og sjónvarpsstofunni s/f 10.794.00 krónur.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.